

Síldarminjasafn Íslands ses.

Ársreikningur 2022

Síldarminjasafn Íslands ses.

Snorragata 10

580 Siglufjörður

Kt. 661006-1530

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Sildarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

## Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 98.285 þús. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 32.027 þús. kr. milli ára eða um 48,3%. Tap félagsins á árinu 2022 nam 424 þús. kr. (Hagnaður 2021: 4.669 þús. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2022 var 90.907 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2021: 91.331 þús. kr.). Ársverk á reikningsárinu voru 5.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sildarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Siglufirði, 11. maí 2023

Í stjórn safnsins:

Signdur Ingvorsdóttir  
Guðm. Steingrimsdóttir  
Órlygur Kristjímsson

Framkvæmdastjóri:

Arntólfur

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 11. maí 2023

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2022

		2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		9.500.000	9.900.000
Styrkir og gjafir .....		7.536.000	9.711.500
Tekjur af rekstri .....		59.563.982	31.846.957
Tekjur vegna verkefna .....		21.685.408	14.800.000
		<u>98.285.390</u>	<u>66.258.457</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	28.432.273	14.079.717
Rekstur fasteigna .....		7.361.092	6.122.098
Verkefnakostnaður .....		47.719.385	32.892.335
Annar rekstrarkostnaður .....		14.996.724	8.332.145
		<u>98.509.473</u>	<u>61.426.295</u>
(Rekstrartap) -hagnaður.....	(	224.083)	4.832.162
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		18.595	3.068
Vaxtagjöld .....	(	218.249)	( 166.077)
	(	199.654)	( 163.009)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....	5	<u>( 423.737)</u>	<u>4.669.153</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

		2022	2021
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		93.455.462	92.030.462
	Fastafjármunir 4	<u>93.455.462</u>	<u>92.030.462</u>
Vörubirgðir .....		4.738.150	4.967.117
Viðskiptakröfur .....		1.227.620	471.700
Skammtímaskuldir .....		1.371.419	1.133.772
Handbært fé .....		96.935	2.883.625
	Veltufjármunir	<u>7.434.124</u>	<u>9.456.214</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>100.889.586</u>	<u>101.486.676</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé .....		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé .....		40.622.833	41.046.570
	Eigið fé 5	<u>90.907.199</u>	<u>91.330.936</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		1.297.560	0
Viðskiptaskuldir .....		3.044.710	4.655.740
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.640.117	5.500.000
	Skammtímaskuldir	<u>9.982.387</u>	<u>10.155.740</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>100.889.586</u>	<u>101.486.676</u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	5	( 423.737)	4.669.153
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		( 423.737)	4.669.153
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun .....		228.967	136.666
Skammtímakröfur, (hækkun) .....		( 993.567)	( 1.284.394)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 1.470.913)	4.830.338
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		( 2.235.513)	3.682.610
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		( 2.659.250)	8.351.763
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4	( 1.425.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 1.425.000)	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skammtímalán, breyting .....		1.297.560	( 5.514.796)
Fjármögnunarhreyfingar		1.297.560	( 5.514.796)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		( 2.786.690)	2.836.967
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		2.883.625	46.658
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		96.935	2.883.625



# Skýringar

## 1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili hennar er að Snorrögötu 10 á Siglufirði. Starfsemi stofnunarinnar felst í safnarekstri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

### d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

### e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	38.400.123	27.493.136
Launatengd gjöld .....	8.106.793	5.694.503
Endurgreiddur launakostnaður .....	( 1.050.893)	( 2.672.906)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	45.456.023	30.514.733
Launakostnaður færður á verkefnakostnað .....	( 17.023.750)	( 16.435.016)
Laun og launatengd vegna rekstrar .....	28.432.273	14.079.717
Fjöldi ársverka á árinu .....	5,0	3,8

Laun framkvæmdastjóra námu 11.310 þús. kr. á árinu 2022 en námu 4.880 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Bifreið	Fasteignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2022 .....	0	92.030.462	92.030.462
Keypt á árinu .....	1.425.000	0	1.425.000
Bókfært verð 31.12.2022 .....	1.425.000	92.030.462	93.455.462

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 781.660 þús. kr., fasteignamat 153.790 þús. kr. og lóðarmat 28.360 þús. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2022.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Stofnfé</b>	<b>Annað eigið fé</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2021 .....	36.569.366	13.715.000	36.377.417	86.661.783
Hagnaður ársins .....			4.669.153	4.669.153
Eigið fé 31.12.2021 .....	36.569.366	13.715.000	41.046.570	91.330.936
Tap ársins .....			( 423.737)	( 423.737)
Eigið fé 31.12.2022 .....	36.569.366	13.715.000	40.622.833	90.907.199

### 6. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

#### Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.